

Grönnin

Sumarið var liðið og komið haust.

Vindurinn blés og næddi um skóginn, með þungu soghljóði. Hann kom frá hafinu, og bar sjávarloftið inn að fjöllumunum; lengra komst hann ekki með hráslagakuldann.

Laufin voru farin að gulna og detta á þau rotnunarblettir. En grænu skúfarnir á grönninni kinkuðu kalli og hniptu hver í annan, eins og þeir segðu: „Þau eiga ekki langt eftir.“ Og þau guluðu meira og meira, og sum urðu fagurrauð.

En grönnin, sem gnafði trjáa hæst, leit með tignarsvip úr veldishæð sinni yfir skóginn.

Það hafði oft verið dáðst að henni, en sú aðdáun var tvennskona, eða mäske réttara sagt, það fylgdu lofinu athugasemdir: „Ef skóginum væri rutt í burtu, og hún ein skilin eftir, þá bæri meira á fegurð hennar“ sögðu sumir, „og þá væri hún til einstökustu prýði.“ „Jú, hún var svo sem ljómandi fallett tré, ekki vantaði það, en til hvers var hún nú eiginlega; eins og hún stóð þarna,“ spurðu aðrir. „Var ekki nær að gera sér eitthvað úr henni?“ Og svo giskuðu þeir á hvað myndi fást fyrir hana.

Laufin gátu nú ekki með nokkru móti haldið sér á kvistunum. Þau mistu af þeim og hröpuðu, tóku margar sveiflur hingað og þangað, hringsnerust hvert um annað og féllu svo niður á jörð.

Og nú sást langar leiðir um skóginn.

Hérinn hafði orðið var við skráð í laufinu. Hann sat keiþréttur og hélt uppi framlöppunum, því hræðsla hafði gripið hann.

Svo var það einu sinni sem oftast, að vestanvindurinn var árrisull, því hann átti langt að fara. Hann fór með geisi-hraða og hávaða miklum. Hann vakti upp alla hjá Ægi bónda, og dætur karls, sem eru léttgeðja og gamansamar, risu upp á olnboga í rúmum sínum, til þess að sjá þess betur þann, sem kominn var, en dagur skein inn um skýjagluggana, á herðar og